

# Örsaga af uppgjörskröfu og árangri lífeyrissjóða

Snædís Ögn Flosadóttir



Lífeyrissjóðir, uppgjörskrafa og lágvaxtaumhverfi eru hugtök sem heyrst hafa ítrekað undanfarin misseri og í raun mun lengur en það ef vel er að gáð. Lækkandi vextir og þar með áhyggjur af afkomu lífeyris landsmanna hafa ýtt undir þá umræðu og skyldi engan undra. Það er því áhugavert að skoða hvaða áhrif breytingar á vaxtaumhverfi frá þeim tíma er reglan um 3,5% viðmið var sett þarf ekki að fjölyrða en ljóst að á þeim tíma voru verðtryggingar vextir ríkisskuldbréfa, sem að jafnaði eru talin áhættulítil bréf, vel yfir því viðmiði en eru langt undir því í dag. Verði þessari 3,5% reiknireglu hins vegar breytt og ávöxtun í útreikningum læKKUð hefði það umsvifalaust áhrif til lækkunar á tryggingafræðilegri stöðu, þar sem hærri eignastöðu þyrfti til að vega upp á móti lægri ávöxtun til framtíðar. Með því væru afleiðingar væntinga um slakari raunávöxtun til framtíðar í raun tekna inn strax. Ef horft er til þess árangurs sem náðst hefur í krefjandi lágvaxtaumhverfi síðustu ára er því ekki úr vegi að varpa fram þeirri spurningu hvort umræðan um uppgjörskröfuna ætti í raun frekar að kristallast um fjárfestingarstefnu, dreift eignasafn og áhættuvilja.

## Tryggingafræðilegt mat

Uppgjörskrafa lífeyrissjóða er sú ávöxtun sem notuð er sem viðmið í árlegu tryggingafræðilegu mati sjóðanna. Í sinni einföldstu mynd gengur tryggingafræðilegt mat út á það að ganga úr skugga um að eignir lífeyrissjóðsins muni standa undir skuldbindingum hans, það er að segja þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa áunnið sér og gert er ráð fyrir að virkir sjóðfélagar muni ávinna sér í framtíðinni. Í slíkum útreikningum þarf að gera ráð fyrir einhverri ávöxtun á eignum sjóðsins en samkvæmt reglugerð frá 1998 skal miða við 3,5% raunávöxtun í þeirri vinnu. Ef munur á milli eigna og skuldbindinga er jákvæður á sjóðurinn fyrir skuldbindingum sínum og vel það,

ef staðan er neikvæð er því ofugt farið. Það er svo innbyggt í þann lagaramma sem lífeyrissjóðum er settur hversu lengi og hversu mikil má víkja í aðra hvora áttina þar til rétta þarf stöðuna af með því að auka eða skerða réttindi sjóðfélaga. Þannig er innbyggt í kerfið regluleg leiðréttung á réttindum, til haekkunar eða lækkunar, ef áætlunar um ávöxtun og aðra grundvallarþætti í tryggingafræðilegu mati ganga ekki eftir.

## Kallað breytt umhverfi á nýjar forsendur?

Um breytinguna á vaxtaumhverfi frá þeim tíma er reglan um 3,5% viðmið var sett þarf ekki að fjölyrða en ljóst að á þeim tíma voru verðtryggingar vextir ríkisskuldbréfa, sem að jafnaði eru talin áhættulítil bréf, vel yfir því viðmiði en eru langt undir því í dag. Verði þessari 3,5% reiknireglu hins vegar breytt og ávöxtun í útreikningum læKKUð hefði það umsvifalaust áhrif til lækkunar á tryggingafræðilegri stöðu, þar sem hærri eignastöðu þyrfti til að vega upp á móti lægri ávöxtun til framtíðar. Með því væru afleiðingar væntinga um slakari raunávöxtun til framtíðar í raun tekna inn strax. Ef horft er til þess árangurs sem náðst hefur í krefjandi lágvaxtaumhverfi síðustu ára er því ekki úr vegi að varpa fram þeirri spurningu hvort umræðan um uppgjörskröfuna ætti í raun frekar að kristallast um fjárfestingarstefnu, dreift eignasafn og áhættuvilja.


## Fjárfestingarstefnur í þáttíð og nútíð

Lífeyrissjóðir hrærast ekki í tómarúmi frekar en aðrir fjárfestar þar sem ein-

## Eignasafn lífeyrissjóða

— raunvart að verðlagi í desember 2020

Heimild: Seðlabankinn, Hagstofan



og sama fjárfestingarstefnan lifir í tugt ára. Verði breytingar á markaðs- aðstæðum finnur fjármagnið sér farveg þar sem væntingar um ávöxtun eru taldar vænlegar hverju sinni. Ef horft er til eignasafns lífeyrissjóðanna við setningu umræddrar reglugerðar, árið 1998, og það borið saman við eignasafn í lok árs 2020 má glöggt sjá umtalsverðar breytingar, meðaleignasafn sem þá innihélt rúm 70% skuldbréf er nú nær því að innihalda um 46% skuldbréfa og þá hefur innbyrðis samsetning skuldbréfa eðlilega einnig tekið þó nokkrum breytingum. Á móti hafa sjóðirnir aukið við sig í erlendum fjárfestingum, hlutabréfum, sérhæfðari fjárfestingum og innviða-fjárfestingum og jafnframstigið inn á svíð nýsköpunar. Frá sjónarholi sjóðfélaga má svo velta fyrir sér hvort slíkar fjárfestingar falli ekki einmitt vel að eðli langtímasparnaðar. Aukin dreifni eignasafna sé skref til bóta og fjárfesting sem skilar sjóðfélögum ábata stuðli á sama tíma að uppbryggingu samfélagsins.

## Árangur og áframhaldandi samtal

Ef horft er til síðastliðinna 10 ára má sjá að raunávöxtun lífeyrissjóða hefur verið á bilinu 4,0-6,9% á ársgrundvelli, sem verður í samanburði við 3,5% uppgjörskröfum að teljast ágætis niðurstaða samhlíða ört lækkandi raunvaxtastigi yfir sama tímabil. Uppgjörskrafa lífeyrissjóða og fjárfestingarumhverfi er og verður vonandi áfram áhugavert umræðuefni. Í þeirri umræðu er nauðsynlegt að hafa í huga að breytingar í umhverfi sjóðanna kalla á aðlögun í takt við aðstæður hverju sinni og fjármagnið finnur sér farveg í átt að væntingum um góða ávöxtun að teknu til litli til áhættu. Umræðan um dreift eignasafn, áhættuvilja og eðli langtímafjárfesta á því alltaf vel við samhlíða umræðu um væntingar til ávöxtunar sem endurspeglast í uppgjörskröfum í tryggingafræðilegu mati.